

**SVP**Samtök
verslunar og
þjónustu*Alþingi*
Erindi nr. P 139/2704
komudagur 24.5.2011

Alþingi – nefndasvið
Austurstræti 8 – 10
150 Reykjavík.

Reykjavík, 24. maí 2011

Efni: Frv. til laga um Stjórnarráð Íslands – 674. mál.

Viðhorf SVP -Samtaka verslunar og þjónustu til þess frumvarps sem hér liggur fyrir hafa einkum komið fram í ítrekuðum ályktunum samtakanna um að setja bæri á laggirnar nýtt atvinnuvegaráðuneyti. Í ályktunum samtakanna um það málefni hefur komið fram það sjónarmið að fækkun og þar með stækkun ráðuneyta væri nauðsynleg leið til að auka hagræðingu og bæta skilvirkni í stjórnsýslunni.

Það frumvarp sem hér liggur fyrir er að mati samtakanna liður í því að ná fram þessum markmiðum. Aukinn sveigjanleiki og tilfærsla á verkefnum milli ráðuneyta eftir því sem áherslur einstakra ráðherra eða flokka liggja hverju sinni, er að mati samtakanna eðlileg þróun.

Áherslur samtakanna beinast þó fyrst og fremst að því að sett verði í laggirnar eitt atvinnuvegaráðuneyti sem hafi með málefni allra atvinnugreina að gera, þ.m.t. málefni verslunar og þjónustu. Með því móti verði stjórnkerfið betur í stakk búið til að meta heildarhagsmuni atvinnulífsins í landinu. Með því móti yrði einnig horfið frá því sem verið hefur landlægt á Íslandi að ráðuneyti einstakra atvinnugreina beiti sér í þágu þröngra hagsmuna þeirrar atvinnugreinar, í stað þess að meta málefnið hverju sinni út frá heildarhagsmunum.

Samtökin eru því fremur jákvæð gagnvart þeim breytingum sem frumvarpið gerir ráð fyrir og þeim markmiðum sem að er stefnt með því.

Virðingarfyllst,
f.h. SVP

Andrés Magnússon.